

Reykjavík þann. 16. 08. 2011  
Kl. 20:00

Fundagerð TKÍ

Mættir úr stjórn TKÍ eru:

Ágúst Örn Guðmundsson (Á), Erna Héðinsdóttir (E), Hulda Rún Bertudóttir (H), Richard Már Jónsson (R),  
Varamenn  
Arnar Bragason (B), Guðrún Halldóra Vilmundardóttir (G).

## 1. Farið yfir stöðu mála frá síðasta fundi.

Verkaskiptin stjórnar - Rikki er búinn að setja upp hugmynd að verkaskiptingu, sem verður skoðuð nánar. Verkaskipting ákveðin á næsta fundi og sett fram á heimasíðu.

Mótanefnd: er í ferli - búið að senda pósta á stærstu félögin um að fá menn frá þeim í mótanefnd.

Viðburðir í ferli - Nuno Damaso - samningur við hann kominn vel á veg.

Kynningarmál: komin hugmynd af kynningarefni sem sent var samstarfsaðila sem mun aðstoða okkur við gerð kynningarefnis.

## 2. Samningur við BuduNord

WTF samþykkir ekki BuduNord sem fullgilda búninga eða búnað á alþjóðlegum mótum. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja að nota eingöngu búninga hjá þeim fyrir landsliðið.

Kostur við að gera samning við BuduNord gæti hins vegar falist í að skaffa galla og anna búnað ágóðu verði fyrir félögin.

Málinu frestað fram að næsta fundi og rætt við Bushido um nýtt form af samningi (R)

Kannað verður líka á hvaða verði er hægt að fá galla frá öðrum merkjum. T.d. Dae do

## 3. Rafbrynjur frá Dae Do

Höfum tilboð sem er svohljóðandi:

Grunnpakkinn með 6 stýripinum fyrir 2 gólf:	USD 3770,-
Brynjur með sendum 8 stk:	USD 8x458 = 3664,-
Brynjur án senda 16 stk:	USD 16x233 = 3728,-
Ristarhlífar með sendum, 100stk:	USD 100x32 = 3200,-
Samtals fyrir TKÍ:	<b>USD 14.362,-</b>
Míðað við að borga frakt uppá 5% og VSK 25,5%:	<b>ISK 2.200.000</b>

Ef við kaupum 2 hjálma af hverri stærð USD 8x408 = 3264,- þannig að samtals færi pakkinn þá í **USD 17626, eða ISK 2.700.000,-**  
Áætlað með flutningskostnaði.

Við eigum styrkloforð WTF fyrir tækjakaupum sem ætti að duga langleiðina fyrir þessum kaupum.

Samþykkt að kaupa þetta.

Einnig hefur verið sendur verðlisti til félaganna um kaup á brynjum sem verður hægt að kaupa á sama tíma.

Ennþá er verið að biðja um svör frá félögum eftir að ný verð voru send út.

Fresta afgreiðslu þangað svör hafa borist frá félögum.

#### **4. Aðrar vörur frá Dae Do**

Hafa sambandi við Dae Do og athuga með styrktarsamning við landsliðið og jafnvel í samhengi við að kaupa einnig annan búnað til að áframselja til félaganna. (A)

#### **5. Staða mála með Meisam? Samningur við Dani og fl. Hvað er framundan með hans mál?**

Er með dvalaleyfi til áramóta.

Verið er að vinna í áframhaldandi dvalarleyfi eða ríkisborgararétt.

Meisam er með samning við Esbjerg TKD club um þjálfun og mun þjálfa þar að hluta. En halda einnig áfram sem landsliðsþjálfari í sparring.

#### **6. Kynningar í skólum og á fleiri stöðum. Voru komnar hugmyndir um að nota landsliðsþjálfara að einhverju leiti.**

Koma saman sýningarhóp og/eða hóp úr landsliðinu t.d. sem tekur þátt í viðburðum.

Hugmynd um að einstaklingar fái vissa upphæð fyrir hverja kennslustund sem þeir taka þátt í sem verður eyrnamerkt þeim til að styrkja þá til utanlandsferða eða æfingabúða fyrir utan 1/3 regluna.

TKD verður keppnisþrótt áunglingalandsmóti 2012 og landsmóti 2013.

Stefnt er að því að hafa sýningarhóp sem sér um að kynna þetta fyrir landsmótið. Þetta kom fram á aðalfundi Umf Selfoss.

Hulda skoðar þetta.

## **7. Störf landsliðanna í vetur. Þarf ekki að skipuleggja starfið með landsliðsþjálfurum?**

Fá yfirlit frá landsliðsþjálfurum hvaða mót ætti að fara á og hverjir kæmu mögulega til greina á þessi mót.

## **8. Æfingabúðir með Damaso**

Kemur 16-18 sept.

Kvöldæfing á föstudegi og svo laugardagur og sunnudagur heilir.

Æfingar verða fyrir alla aldurs og getuhópa, en það á eftir að skipuleggja það betur.

Hulda setur upp skipulag á æfingar og kannar flug.

## **9. Styrkumsókn frá Hlyn**

Málinu frestað þangað til samantekt af yfirlitsfundi frá síðustu ferð hefur verið skilað. Þar sem það var sett sem skilyrði fyrir síðasta styrk og áframhaldandi styrkveitingum.

## **10. Önnur mál**

### **Styrkur til Björns Þorleifs Þorleifssonar**

Ákveðið var að styrkja hann um 1/3 af fargjaldi til Danmerkur á æfingabúðir með danska landsliðinu og opnu móti í Kaupmannahöf.

### **Árangurstengdir styrkir**

Samþykkt að veita keppendum á erlendri grund árangurstengda styrki:

Brons - 10.000

Silfur - 20.000

Gull - 30.000

Með þeim fyrirvara að, að minnsta kosti einn bardagi haf unnist.

Einnig var rætt um hvernig form ætti að vera á styrkjum til keppenda í pumse og dómurum, en form þess og upphæðir ekki endanlega ákveðnar.

Fundi slitið 21:50